

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um breytingu á takmörkum Munkaþverárklostursumboðs og Norðursýslu- og Reykjadalssjarða umboðs. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 23. júní þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, lagt það til, að þjóðjörðin Uppibær í Flatey, sem nú heyrir undir Munkaþverárklostursumboð verði um næstkomandi áramót lögð undir Norðursýslu- og Reykjadalssjarða umboð, en umboðsmaður þessa umboðs hefur á hendi umboðsmennsku yfir hinum $\frac{3}{4}$ þörtum eyjarinnar Flatey. Hafið þjer jafnframt skýrt frá, að báðir umboðsmenn þeir, er í hlut eiga, láti sjer lynda breytingu þá á umboðum þeirra, sem hjer er um að ræða, og að umboðsmaður $\frac{3}{4}$ Flateyjar, Jón Sigurðsson á Gautlöndum, hafi lýst því yfir, að hann vildi taka Uppibæ að sjer til umsjónar án sjerstakrar úttektar með því skilyrði, sem umboðsmaður Munkaþverárklosturs hefur fullnægt, sem sje, að sannað yrði að jörðin hafi verið afhent núverandi leiguliða með lögmætri úttektargjörð.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, að jeg hjer með skipa svo fyrir, að þjóðjörðin Uppibær í Flatey skuli frá 1. janúar 1889 lögð undir Norðursýslu- og Reykjadalssjarða umboð.

Amtsráðsfundaskýrslur.

86

Aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 28. og 29. júní 1888.

Ár 1888, 28. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu settur á Akureyri af forseta amtsráðsins, amtmanni J. Havsteen, með amtsráðsmönnum Einari umboðsmanni Ásmundssyni í Nesi og Benedikt umboðsmanni Blöndal í Hvammi.

Mál þau, sem til umræðu komu á fundinum, voru þessi:

1. Var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins 1889.

Tekjur.

1. Áætlaðar eptirstöðvar 1888	1000 kr.
2. Jafnaðarsjóðsgjald	2500 —
	3500 —

Gjöld:

1. Amtsráðið	350 kr.
2. Til sáttamála	150 —
3. — heilbrigðismála	300 —
4. — menntamála	1000 —
(Hjer af til amtsbókasafnsins 200 kr.).	
5. Til heyrnar- og málleysingja	750 —
6. Önnur afborgun og leigur af láninu til Skjálfandafljótsbrúarinnar	400 —
7. Kostnaður við notkun fangahúsanna á Akureyri og Eskifirði	200 —
8. Óviss útgjöld	350 —
	3500 kr.

2. Forseti framlagði skýrslur um fundarhald stjórnarnefndar búnaðarskólans á Hólum 10. og 11. júní, 8. júlí. 1. nóvbr. f. á. og 26. marz þ. á., sem amtsráðið yfirfór, og enn fremur prentaða skólaskýrslu fyrir kennsluárið 1886—87.

20. dag septembermán. 1888.

86

Reikningurinn yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1886—87 með tilheyrandi fylgiskjölum, athugasemdum hinna kosnu endurskoðenda og svörum reikningshaldara var yfirskoðaður af amtsráðinu, sem fyrir sitt leyti fann ekkert við hann að athuga; jafnframt lagði amtsráðið úrskurð sinn á þær athugasemdir, sem endurskoðendur höfðu gert við skólareikninginn.

Þá voru framlagðir ýmsir reikningar skólabúsins fyrir 1886—87, með athugasemdum endurskoðanda, og hafði sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sent þessi skjöl til forseta amtsráðsins eftir beiðni skólastjórnarinnar, sem því eigi virðist hafa álitit þess þurfa að svara athugasemdunum, sem amtsráðið lagði úrskurð sinn á.

Amtsráðið skoraði á skólastjórnarnefndina að fullnægja úrskurði amtsráðsins á 2. gr. athugasemdanna við reikninginn fyrir 1885—86 um 2 vantandi fylgiskjöl, og var enn fremur skipað svo fyrir, að endurskoðendur skyldu eptirleidis senda reikningana með fylgiskjölum og athugasemdum sínum til formanns stjórnarnefndarinnar, svo að reikningshaldari gæti svarað athugasemdunum áður en reikningarnir yrðu úrskurðaðir af amtsráðinu, en sem skilyrði fyrir útborgun styrkveitinga úr landssjóði áleit amtsráðið að nægja mundi, að samrit af reikningunum væri sent amtsráðinu til bráðabirgða, til þess sá styrkur, sem veittur væri, fengist útborgaður fyrir hver árslok.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hafði hreyft því, að búnaðarskólinn á Hólum endurborgaði nú með áföllnum vöxtum þær 500 kr., sem lagðar voru til skólans úr sýslusjóði Eyfirðinga, 21. ágúst 1883, í þeirri von, að Eyfirðingar gengju í fjelag um skólann við Skagafjarðarsýslu og Húnavatnssýslu, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 2. og 3. júní 1885, 26. (Stjórnartíðindin 1885, B, bls. 94), og sem teknar eru upp í skólareikninginn fyrir 1883—84, þar sem engin útsjón væri til þess að þessi fjelagsskapur kæmist á. Skuldin verður nú í sumar með áföllnum leigum 600 kr., sem sýslumaðurinn óskaði eptir að borgaður yrðu á þá leið, að 300 kr. greiddust í sumar og 300 kr. á næsta sumri með leigum af þeim.

Amtsráðið ályktaði út af þessu, að það vildi eigi ganga nær skólastofnuninni á Hólum en svo, að hún endurborgaði áðurnefndar 600 kr. á 6 árum, án frekari leignagreiðslu, og skyldi fyrsta afborgun eiga sjer stað innan ágústmánaðarloka þessa árs.

3. Samkvæmt úrskurði amtsráðsins á reikningurinn yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Eyðum 1885—86, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 3. og 4. júní 1887, 23. (Stjórnartíð. 1887, B, bls. 114), var kominn til amtsráðsins reikningur skólans við Gránufjeldsgerzlun á Vestdalseyri fyrir 1885 og 1886. Með því að reikningur þessi bar með sjer, að ýmislegt væri úttekið handa skólanum, sem eigi virðist nauðsynlegt, og ýmsir gjaldliðir óljósir, en hið sama gildir um fylgiskj. 9 og 11 við fyrnefndan reikning skólans 1885—86, ályktaði amtsráðið, að heimta nánari skýrslur skólastjórnarinnar eða sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um þessi atriði, og fól forseta sínum, að úrskurða þessa reikninga við Gránufjeldsgerzlanina, Thostrupsgerzlun og norsku gerzlun á Seyðisfirði, þegar skýrslur þessar væri komnar.

Framlagður var til yfirskoðunar og úrskurðar reikningur yfir tekjur og gjöld skólans fyrir 1886—87 og jafnaðarreikningur hans fyrir sama tímabil.

Amtsráðið fann sjerstaklega að athuga við reikninginn, að sundurliðaðar skila-

greinir vantaði fyrir 19. og 20. gjaldlið, sem snerta innborganir til Thostrups-verzlunar og Gránuffelagsverzlunar á Vestdalseyri, og skyldi því senda amtsráðinu slíkar skilagreinir, og skýrslur um, til hvers þessar úttektir hefðu gengið og í hverjum gjaldliðum þær væru fólgnar. Undir 21. gjaldlið eru færðar til útgjalda 50 kr. fyrir sýslunefndarfundarhöld að Eyðum, og æskti amtsráðið nánari skýrslu hjeraðlútandi. Yfir höfuð gat amtsráðið ekki fellt sig við reikningsfærslu skólastjórnarinnar, sem er næsta óljós, og því nær ómögulegt að átta sig á eins og reikningar hjer liggja fyrir, og hvað kirkjureikninginn snertir, þá ætti að hafa hann út af fyrir sig eins og skólasjóðsreikninginn, búreikninginn og viðskiptareikning skólasjóðs og skólabús.

Ennfremur voru framlagðar skýrslur um bóklega og verklega kennslu á skólanum 1886—87 og prófskýrsla vorið 1887, endurrit af gjörðabók sýslunefnda Múla-sýslunnanna beggja viðvíkjandi fundarhaldi þeirra 13. septbr. 1887, en á þeim fundi voru ræddar og samþykktar tillögur um breytingar á hinni gildandi reglugjörð skólans og ennfremur endurrit af nefndri gjörðabók um fundarhald nefndarinnar 12. maí þ. á.

Amtsráðið ræddi síðan frumvarp það til nýrrar reglugjörðar fyrir skólann á Eyðum, sem sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu hafði sent ráðinu, og ályktaði að senda það landshöfðingja til staðfestingar með nokkrum breytingartillögum.

Útaf erindi frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, þar sem hann fór þess á leit, að amtsráðið vildi hlutast til um það, að Norðurmúla og Suðurmúla sýslur fengju útborgaða í þarfir búnaðarskólans á Eyðum ársvextina af hinni föstu innstæðu sjóðsins handa þeim, sem biða tjón af jarðeldi á Íslandi, fyrir árin 1886 og 1887, alls 1768 kr., ályktaði amtsráðið að mæla með því við landshöfðingja að honum mætti þóknast að veita til búnaðarskólans á Eyðum ársvextina af nefndum sjóði fyrir 1887, því bæði brjef landshöfðingja 18. maí 1887 (Stj.tíð. 1887, B. bls. 66) og reikningar yfir tekjur og gjöld sjóðsins, sem prentaðir eru í Stjórnartíðindunum, sýna, að ársvextirnir fyrir 1886 eru þegar útborgaðir, sem styrkur til skólans; útborgunin ætti samt að vera bundin því skilyrði, að til amtsráðsins væri kominn reikningur yfir tekjur og gjöld skólans 1887—88 með búreikningi og skýrslu um kennsluna á skólanum á sama tímabili.

4. Framlögð var og rædd kára frá hreppsnefndinni í Staðarhreppi í Skagafjarðarsýslu með fylgiskjöllum, þarsem hún bar sig upp undan því, að sýslunefndin í tjeðri sýslu hefði með úrskurði sínum 24. febr. þ. á. fært aukaútsvar Jóns bónda Jónssonar á Reynisstað niður um 43 kr., þótt kára Jóns til sýslunefndarinnar hefði komið of seint fram að því er virtist. Amtsráðið ályktaði, að leita skyldi álita sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um þetta mál, og sjerstaklega skýrslu um, hvenær hreppsnefndin birti Jóni Jónssyni úrskurð sinn í málinu, og um það, hvenær kára Jóns, sem er dags. 12. jan. þ. á., hefði komið til sýslunefndaroddvitans.
5. Amtsráðið fól oddvita sínum að hlutast til um það, að hækkuð yrði brunabóta-ábyrgðin, sem nú væri fengin fyrir amtsbókasafninu, svo að hún eptirleiðis næmi 3000 kr.

Amtsráðið samþykkti að selja skyldi við uppboð nokkur dupliköt af bókum amtsbókasafnsins.

86

Ennfremur skipaði amtsráðið amtsskrifara Björn Árnason sem bókaforð með 50 kr. þóknun á ári.

Amtsráðið veitti kand. phil. Jóni Magnússyni 60 kr. fyrir samning framhalds bókaskrárinnar og prófarkalestur á því og 40 kr. fyrir niðurröðun bókasafnsins eftir því, sem bókaskráin tilsegir, alls 100 kr.

6. Sýslunefndin í Suðurlingeyjarsýslu hafði óskað eftir samþykki amtsráðsins til þess að mega taka 2000 kr. lán úr landssjóði með svo vægum kjörum, sem unnt væri, til fundarhússbyggingar að Ljósavatni í sambandi við Ljósavatnshrepp, sem ekkert þinghús hefur, en svo er tilætlað, að kostnaðurinn við bygging þinghússins eða fundarhússins skuli greiddur að tveimur þriðju hlutum af sýslusjóði, en að einum þriðja hluta úr sveitarsjóði Ljósavatnshrepps.

Amtsráðið var þeirrar skoðunar, að komast mætti af með minna hús og ódýrara en tilætlað væri, enda ætti hreppurinn að taka að stærri tiltölu þátt í kostnaðinum við bygging hússins, en ráð væri fyrir gert, þannig, að kostnaðurinn væri jafn af beggja hálfu. Með þessu fyrir augum veitti amtsráðið samþykki sitt til þess, að sýslunefndin tæki 1000 kr. lán úr landssjóði með svo vægum kjörum, sem unnt væri að fá, þannig, að húsið yrði byggt fyrir 2000 kr. og hreppurinn bæri helming kostnaðarins, en um þetta yrði að semja áður við hreppsnefndina.

7. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi p. á. í Suðurlingeyjarsýslu 14 aurum á hvert hundrað eða alls 1078 kr., en upphæð sú, sem jafna mátti niður, er 957 kr. 77 aur.
8. Forseti ráðsins lagði fyrir amtsráðið til úrskurðar erindi nokkurt frá sýslunefndarmanni Jóni hreppstjóra Einarssyni á Laugalandi, þar sem hann kvartaði yfir því, að hann hefði ekki getað fengið útborgaða úr sveitarsjóði Glæsibæjarhrepps þóknun fyrir ritföng fyrir árin 18⁸³/₈₄—18⁸⁷/₈₈, samtals 20 kr., þótt sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefði 22. febr. 1882 (áður en henni voru kunnug lögin 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk) ákveðið, að nefndin, að því leyti, er snertir slíka þóknun, vildi binda sig við fyrirmæli landshöfðingjabrjefs 28. marz 1881 (Stjórnartíð. 1881, B, bls. 44), og þótt hann hefði tilfært ritfangabókunina með 4 kr. í árlegum viðskiptareikningi sínum við hreppsnefndina og látið þóknunina ganga uppí það, er hann þurfti að greiða nefndinni, en á næstliðnu hausti hefði hreppsnefndin mótmælt allri þóknuninni frá upphafi, og sýslunefndin á fundi sínum 6.—8. marz p. á. bannað slík útgjöld með úrskurði sínum á jafnaðarreikningi eins hreppsins, þar hreppstjórar nú hefðu laun úr landssjóði. Með því nú hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi hefur skýrt svo frá í framlögðu brjefi 26. maí p. á., að hreppstjórinn hefði aldrei borið upp fyrir oddvita nefndarinnar eða nefndina sjálfa nokkra kröfu um slíka þóknun, fyr en síðastliðið ár, og að hún hefði aldrei verið tekin til greina fyrir það ár nje nokkurt undanfarið ár, á því tímabili, sem spursmál væri um, en hreppstjórinn hefði setið í sýslunefnd á sama tíma og samþykkt alla hreppsreikninga Glæsibæjarhrepps þessi ár án nokkurrar athugasemdar í þessu atriði, — ályktaði amtsráðið, að það sæi sjer eigi fært að taka erindi hreppstjórans til greina, enda yrði ráðið að skilja sveitarstjórnartilskipunina 4. maí 1872 á þá leið, að vald amtsráðs og sýslunefndar væri takmarkað við fyrirmæli tilskipunarinnar að því leyti, er snertir útgjöld af hreppssjóði, sbr. 21. og 26. gr., en öðru máli væri að skipta um útgjöld úr sýslusjóði, sbr. 42. gr. Þóknun fyrir rit-

föng hreppstjóra yrði þá alls eigi goldin úr hreppssjóðnum, nema eptir ályktun hreppsnefndarinnar og með samþykki sýslunefndar, sbr. 26. gr. 2. og landshöfðingjabræfið 28. marz 1881, þarsem svo er komið að orði, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að það verði »falið hinum einstöku hreppsnefndum að veita hreppstjórum endurgjald fyrir ritfangakostnað þeirra«. Á hinn bóginn leiddi það af fyrir-mælum sveitarstjórnartilskipunarinnar, að amtsráðið gæti felld úr gildi slíkt samþykki sýslunefndarinnar, ef t. a. m. endurgjaldið fyrir ritföngin væri meira en góðu hófi gengdi.

9. Framlagðar voru skýrslur um kennsluna á kvennaskólanum á Laugalandi frá 1. október 1887 til 14. maí 1888, og um vorprófið, og veitti amtsráðið skólanum 300 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóði.
10. Sömu leiðis veitti amtsráðið kvennaskólanum á Ytri-Ey, samkvæmt framlögðum skýrslum um kennsluna á skólanum frá 1. oktbr. 1887 til 9. maí 1888, 300 kr. styrk úr amtsjafnaðarsjóði.
11. Sýslunefndin í Suðurmúlasýslu hafði leitað samþykkis amtsráðsins til þess, að veita mætti Maríu Eiríksdóttur á Kollaleiru, sem í mörg undanfarin ár hefði fengið við ljósmóðurstörf, án þess að hafa verið reglulega prófuð og skipuð yfirsetukona, 20 kr. árlega þóknun úr sýslusjóði. Amtsráðið samþykkti þetta eptir kringumstæðunum.
12. Sýslunefndin í Suðurmúlasýslu hafði lagt það til, að þær breytingar yrðu gerðar á yfirsetukvennaumdæmum sýslunnar, að 2. umdæminu yrði skipt í 2 umdæmi og 4. umdæminu í 2 umdæmi, en með þessu móti yrðu yfirsetukvennaumdæmin 12, sem nú eru 10. Amtsráðið ályktaði, að eigi væri ástæða til að breyta út af þeirri skipun umdæmanna, sem nú væri, og gjörð fyrir rúmum 10 árum.
13. Forseti lagði fyrir amtsráðið bænarskrá frá 2 mönnum um styrk af búnaðarsjóði til þess að ferðast til iðnaðarsýningarinnar í Kaupmannahöfn á þessu sumri. Með því að ekkert fje var fyrir hendi í sjóðnum, gat amtsráðið eigi veitt bænarskrám þessum áheyrn.

Fundi frestað til næsta dags.

14. Amtsráðið tók aptur til umræðu brjef landshöfðingja 31. jan. 1888 um útbýting styrks til búnaðarfjelaga og Eyðaskólans (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 13. apr. þ. á., nr. 13) samkvæmt 10. gr. C. 4. c. fjárlaganna 1888—1889, sem gjörir ráð fyrir að landshöfðingi úthluti þessum styrk eptir tillögum sýslunefnda og amtsráðs.

Ráðið lýsti því yfir, að það byggist við að amtinu hlotnaðist um 2400 kr. af þessari fjárveiting (6000 kr.), eptir því hlutfalli, sem áður hafði átt sjer stað um samskonar styrkveitingar.

Að því leyti er snerti útbýting styrksins, vildi amtsráðið leggja það til, að Eyðaskólinn fengi 1200 kr. og að 1200 kr. yrði útbýtt milli búnaðarfjelaga.

Amtsráðið hefur fylgt þeirri reglu að undanfögnu, að miða tillögur sínar um útbýting styrks þess, sem hjer er um að ræða, við framkvæmdir hvers búnaðarfjelags á því ári, sem styrkurinn er veittur fyrir, og heimtað með auglýsingum í frjetta-blöðum þeim, sem út komu fyrir norðan og austan, skýrslur búnaðarfjelaga, eptir þeim reglum, sem amtsráðið setti á fundi sínum 7. marz 1882 (sbr. Stjórnartíðindi

86

1882, B. bls. 110) um það, hvernig skýrslurnar skyldu vera um hvað unnið hefði verið á árinu af þarflegum og varanlegum jarðabótum.

Amtsráðið þóttist eigi geta fylgt þessari reglu í þetta skipti, þar sem svo væri tilætlað í fjárlögunum fyrir 1888 og 1889, að sýslunefndirnar einnig ljeti uppi tillögur sínar um útbýting þessa fjár, en sýslunefndir halda fundi sína venjulega snemma á árinu, enda sýndi það sig, að engar reglulegar tillögur fylgdu bænarskrám þeim, sem nú voru komnar til amtsráðsins frá sýslunefndunum, um hlutdeild í styrknum, nema frá Húnavatnssýslu, heldur aðeins meðmæli eða skýrslur um unnar jarðabætur á árinu 1887; sýslunefndin í Norðurmúlasýslu hafði þannig aðeins lagt það til, að Eyðaskólinn fengi 2000 kr. styrk og látið það á vald amtsráðsins að gjöra tillögur um útbýting þess, sem eftir væri milli búnaðarfjelaga, og sýslunefndin í Suður-Múlasýslu sótti eingöngu um 2000 kr. styrk handa nefndum skóla af því fje, sem hjer er um að ræða en af útskrift þeirri, úr gjörðabók nefndarinnar viðvíkjandi fundarhaldi hennar 14. p. m., sem lá fyrir, sást að hún hafði afráðið, að »sótt væri um styrk til búnaðarfjelaga í Sriðdals og Eyðahreppum«. Amtsráðið ályktaði því, að áðurnefndum 1200 kr. yrði í þetta skipti úthlutað til 28 búnaðarfjelaga, sem sent höfðu bænarskrár um styrk, þannig, að hvert búnaðarfjellag fengi að hálfu leyti jafnmikinn styrk, en að hálfu leyti var höfð hliðsjón af framkvæmdum búnaðarfjellaganna um 3 næstundanfarin ár.

Þar að auki ályktaði amtsráðið, að leggja það til við landshöfðingja, að styrknum fyrir komandi ár yrði úthlutað eftir þeim jarðabótum hvers búnaðarfjellags, sem unnar væru á þessu sumri, þannig, að jarðabótaskýrslurnar, er skyldu sniðnar eftir þeim reglum, sem amtsráðið setti 7. marz 1882, væru komnar til sýslunefndanna í tæka tíð, svo að þær gætu afgreitt bænarskrárnar til amtsráðsins með reglulegum tillögum um, hve mikinn styrk hvert fjellag fengi, en síðan gæti amtsráðið jafnað niður styrknum á öll búnaðarfjellögin að rjettri tiltölu.

Að endingu var framlögð bænarskrá frá búnaðarfjellagi Vindhælishrepps um styrk til verkfærakaupa, en amtsráðið var sýslunefndinni í Húnavatnssýslu samdóma um, að eigi væri næg ástæða til að mæla fram með beiðni þessari, þar sem tilætlað væri, að fjellag þetta fengi nokkurn styrk á móti öðrum búnaðarfjellögum, eins og áður er talið.

15. Með því að nú voru komnar til amtsráðsins tillögur sýslunefndanna í Suðrþingeyjarsýslu, Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu um það, hvar aðalpóstvegur skyldi lagður, samdi amtsráðið tillögur sínar hjer að lútandi, sem skyldu sendar landshöfðingja.

Vegna þess hve frábrugðnar voru hverjar frá öðrum tillögur sýslunefndanna í Þingeyjarsýslunum og Norðurmúlasýslu og svo tillögur amtsráðsins, um aðalpóstveginn, enda óvíst um ákvörðun landshöfðingja hjer að lútandi, gat amtsráðið ekki að svostöddu samþykkt tillögur sýslunefndanna um sýsluvegi, enda voru tillögur sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu um sýsluvegi þar ekki látnar uppi enn, en sýslunefndirnar, að undantekinni sýslunefndinni í Suðurmúlasýslu, skyldu á sínum tíma láta í tje endilegar tillögur sínar um það, hvar sýsluvegir skyldu lagðir, og fól amtsráðið oddvita sínum að útkljá sýsluvegamálið, þegar tími væri til þess kominn.

Að því leyti, sem sýslunefndin í Suðurmúlasýslu hafði á fundi sínum 14. p. m.

ákveðið hvar fjallvegir skyldu vera í sýslunni, þá felldi amtsráðið þessa ályktun úr gildi, með því að þetta lægi alveg fyrir utan verksvið sýslunefnda, og yrði að fara um þetta samkvæmt því, sem fyrir væri mælt í 2. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi, sbr. 14. gr.

Sömualeiðis felldi amtsráðið þá ályktun sýslunefndarinnar í Suðurmúlasýslu úr gildi, að allir aðrir vegir en þeir, sem áður væri taldir (semsje aðalpóstvegur, fjallvegir og sýsluvegir), skyldu vera hreppavegir, því nefndin skyldi í þessu tilliti hegða sjer eptir því, sem fyrirmælt er í 15. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi.

Að því leyti, sem sama sýslunefnd hafði ákveðið, að verja skyldi mestöllu af sýsluvegagjaldi yfirstandandi árs til ýmsra vega, vildi amtsráðið leiða athygli nefndarinnar að því, sem fyrirmælt er í 3. gr. fyrnefndra laga, sem gæti, ef til kæmi, takmarkað umráð nefndarinnar yfir sýsluvegagjaldinu.

Þarsem sýslunefndin í Norðurmúlasýslu hafði ákveðið á fundi sínum 11. maí þ. á., að hvert hreppsfjelag mætti vinna að sýsluvegabótum í sínum hreppi eptir því, sem vegabótagjaldið tilhrykki, þá vildi amtsráðið leiða athygli nefndarinnar að því, að pótt lögin 10. nóvbr. 1887, um vegi, væri komin í gildi, þá væri ekki enn búið að setja þau í verk, eða ákveða neitt endilegt um það, hvar aðalpóstvegur, sýsluvegir og hreppavegir skyldu liggja, enda gæti 3. gr. laganna takmarkað vald nefndarinnar yfir sýsluvegagjaldinu.

Amtsráðið vildi skjóta því til úrskurðar landshöfðingja, að kveða á um það, þegar búið væri að ákveða hvar aðalpóstvegur um norður- og austuramtið skyldi liggja, hver sýslufjelögin í amtinu skyldu leggja nokkurn hluta af sýsluvegagjaldinu til aðalpóstvega, samkvæmt 3. gr. laga 10. nóvbr. 1887, um vegi. Amtsráðið ljét í ljós það álit sitt, að ef tillögur þess um aðalpóstvegina frá vesturtakmörkum amtsins að Seyðisfirði, og frá Eskifirði að austurtakmörkum þess, yrðu til greina teknar, þá gengi aðalpóstvegurinn aðeins um endilanga Suðurmúlasýslu.

(Framh.).

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889.

13. gr. B. V. b. 2.

Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna og meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda skipti landshöfðingi styrk þeim fyrir árið 1888, er ræðir um á þessum fjárlagalið, milli eptirnefndra sveitakennara:

1, í Skaptafellssýslu:		
a, Sveitakennara í Stafafellsprestakalli	40 kr.	
b, Þorleifi Jónssyni á Hólum	40 —	
c, Sveitakennara í Borgarhafnarhreppi	40 —	120 kr.
2, í Árnessýslu:		
a, Sigurði Jónssyni í Norðurkoti	40 kr.	
b, Sveitakennara í Ölvushreppi	50 —	90 —
3, í Gullbringu- og Kjósarsýslu:		
a, Magnúsi Jónssyni á Kirkjuvogi	40 kr.	
b, Sigurði Magnússyni á Flankastöðum	50 —	
c, Sveitakennara í Mosfellssveit	30 —	
	Flyt 120 kr.	210 kr.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskr. af konungi 4. sept. 1888 (A. nr. 12, bls. 46—47).

Auglýsing um verzlunar- og siglinga samning milli konungsríkisins Danmerkur og konungsríkisins Portugal, undirskr. af ráðgj. f. Ísl. 15. sept. 1888 (A. nr. 13. bls. 48—53).

Auglýsing um gjaldskrá fyrir embættisverk hinna konunglegu verzlunarfulltrúa og varafulltrúa, undirskr. af utanríkisráðgj. 20. sept. 1888 (A. nr. 14, bls. 54—59).

Auglýsing um að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 29. maí 1888 skuli að nokkru leyti úr gildi felld, undirskr. af ráðgj. f. Ísland 27. sept. 1888 (A. nr. 15, bls. 60—61).

Amtsráðsfundaskýrslur.

86

(Framh.). Aðalfundur amtsráðsins í norður- og austuramtinu 28. og 29. júní 1888.

16. Framlögð voru eptirnefnd eptirrit af gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin.
 - a. Frá Húnavatnssýslu, fundargjörðir frá 4. júní 1887 og 20.—25. febr. 1888.
 - b. Frá Skagafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 15. júní og 8. oktbr. 1887 og 21.—24. febrúar og 9. maí 1888.
 - c. Frá Eyjafjarðarsýslu, fundargjörðir frá 6.—8. marz 1888.
 - d. Frá Suðurlandssýslu, fundargjörðir frá 23.—24. apríl 1888.
 - e. Frá Norðurlandssýslu, fundargjörðir frá 26. ágúst 1887 og 28.—29. febr. 1888.
 - f. Frá Norðurmúlasýslu, fundargjörðir frá 13. septbr. 1887 og 11. maí 1888.
 - g. Frá Suðurmúlasýslu, fundargjörðir frá 12. maí og 14.—15. júní 1888.

Niðurfjöfnun til sýslusjóðsgjaldsins í Suðurmúlasýslu, semsje 20 aurar á hvert hundrað, alls 1465 kr. 20 a., fer langt framúr því, sem jafna má niður eptir lögum, enda virðist óþarft að sýslufjelagið leggi meira til búnaðarskólans á Eyðum en Norðurmúlasýsla (510 kr.). Amtsráðið vildi samt leyfa, að leggja mætti þetta gjald á sýslufjelagið, en bjóst við, að nefndin eptirleidis hefði sem mestar gætur á því að gjaldþegnum yrði ekki íþyngt um of með háu sýslusjóðsgjaldi.

Amtsráðið ályktaði, að það gæti ekki orðið við áskorun sýslunefndarinnar um að hlutast til um það, að ákveðið yrði með lögum, að Múlasýslurnar skyldu vera amtsráðsumdæmi útaf fyrir sig, parsem slíkt lægi fyrir utan verksvið ráðsins.

Heldur eigi gat amtsráðið tekið til greina þá beiðni nefndarinnar, að ráðið vildi hlutast til um, að sú breyting yrði gjörð á sveitarstjórnartilskipuninni, að »sýslunefndarmenn fengju laun og ferðakostnað eptir úrskurðuðum reikningum«.

17. Framlagðir voru eptirnefndir sýslusjóðsreikningar fyrir 1887, sem forseti ráðsins hafði yfirfarið til rannsóknar og úrskurðar amtsráðsins.
 1. Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga og var hann samþykktur.
 2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann samþykktur.
 3. Reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu var úrskurðaður á þessa leið:
 - a. Eptirstöðvar frá f. á. voru 1629 kr. 90 a. samkvæmt úrskurði amtsráðsins á 24. dag októbermán. 1888.

86

reikningnum fyrir 1886, en með því að reikningshaldari skýrir svo frá, að hið óborgaða sýslusjóðsgjald úr Þóroddstaðahreppi 1886 sje 43 kr. 23 a. en ekki eins og tilfært er í reikningnum fyrir það ár 43 kr. 7 a., eru eptirstöðvagnar frá f. á. í þessum reikningi rjett tilfærðar með 1630 kr. 6 a.

b. Að því leyti, sem sýslumaðurinn í svari sínu uppá athugasemdir forseta við reikninginn, segir, að hin heimtaða skýrsla um niðurjöfnun sýslusjóðsgjaldsins í hverjum hreppi sje eigi vanaleg, þá er þetta ranghermi hans, því að slíkar skýrslur hafa einmitt fylgt reikningunum áður; samkvæmt þessari skýrslu er sýslusjóðsgjaldið oftalið í reikningnum um 1 kr.

c. Samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar ber sýslumanni að senda eptirleiðis hverri hreppsnefnd í sýslunni eptirrit af sýslusjóðsreikningnum.

d. Reikningslegra hefði verið, að tilfæra borgun á skuld Arnarneshrepps frá 1886 tekjumegin, og hina sömu upphæð til jafnaðar gjaldamegin, en að benda aðeins óbeinlínis til greiðslu skuldarinnar með því, að láta hana felast í eptirstöðvunum; að því leyti, er snertir upphæð þá, sem tilfærð er í fylgiskjali l. 2., sem þóknun fyrir afgreiðslu sýslunefndarákvarðana, byggir amtsráðið á því, að hjer sje átt við kostnað þann, sem ræðir um í 33. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar í niðurlaginu.

Samkvæmt framanskriðuðu verður í sjóði til næsta árs 239 kr. 99 a., en ekki 240 kr. 99 a., og eign til næsta árs 1004 kr. 95 a.

4. Reikningurinn úr Suðurpingeyjarsýslu var úrskurðaður á þessa leið:

1. Með hlidsjón af 1. athugas. endurskoðanda sýslunefndarinnar kom það fram, að 10 kr. eru oftaldar í gjaldlið 1. (fylgiskjölum 6 og 7), þarsem þessi upphæð, sem er ferðakostnaður og fæðispeningar tveggja sýslunefndarmanna, Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum og Sigurðar Jónssonar á Yztafelli, útaf sýslunefndarfundinum 9. júní 1886, eru þegar færðar til útgjalda í reikningnum fyrir 1886, gjaldlið 1. (fylgiskjal 3).

Amtsráðið ályktaði, að skora á sýslumann, að hafa það fyrir fasta reglu, að borga sýslunefndarmönnum fæðispeninga þeirra og endurgjald fyrir ferðakostnað við lok hvers fundar.

2. Hin vantandi fylgiskjöl hefur sýslumaður lofað að senda sem fyrst.

Forseti lagði fram úrskurð sinn á reikningnum fyrir 1886, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 3. og 4. júní 1887, 26. (Stjórnartíðindi 1887, B, bls. 117).

Samkvæmt framanrituðu er eign til næsta árs 321 kr. 21 e., en ekki 311 kr. 21 e.

5. Við reikninginn úr Norðurpingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

6. Við reikninginn úr Norðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

Reikningurinn úr Suðurmúlasýslu var ókominn, og fól amtsráðið forseta sínum að úrskurða hann.

18. Framlagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1887, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið áður til rannsóknar og úrskurðar.

1. Við Reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur; þó vildi amtsráðið skora á sýslunefndina, að útistandandi vegagjöld hjá 4 hreppum, 208 kr. 93 a., yrðu innheimt á þessu yfirstandandi ári.

2. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst aðeins að athuga, að fylgiskjölin 86 við gjaldlið I. 1 og 2, vanta, og ber að senda forseta ráðsins þessi fylgiskjöl. Reikningurinn var samþykktur að öðru leyti.

3. Með hliðsjón af framlögðum athugasemdum forseta og svari sýslumanns, var reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu úrskurðaður á þessa leið:

Reikningshaldara ber að fullnægja athugasemd endurskoðanda sýslunefndararinnar, semsje taka uppí reikninginn bæði tekju- og gjalda megin óborgað sýsluvegagjald úr Þóroddstaðahreppi fyrir 1886, 71 kr. 39 a.; sýsluvegagjald úr Arnarneshreppi 1886, sem borgað er á árinu 1887, ber að tilfæra tvisvar tekjumegin og einusinni gjaldamegin, og skyldi reikningshaldari semja reikninginn af nýju og senda hann svo til forseta amtsráðsins.

Amstráðið býst við, að sýslunefndin hafi alla viðleitni við, að innheimta hin útistandandi sýsluvegagjöld úr Þóroddstaðahreppi fyrir 1886 og 1887.

4. Við reikninginn úr Suðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

5. Við reikninginn úr Norðurþingeyjarsýslu fannst ekkert að athuga og var hann því samþykktur.

Reikningarnir úr Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu voru eigi komnir, og fól amstráðið forseta sínum að úrskurða þá síðar.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

Akureyri, 23. dag júlímán. 1888.

J. Havsteen.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um landgöngur frakkneskra 87 fiskimanna á afskekktum stöðum á Íslandi. — Með skýrskotun til brjefs míns, 18. 23. ágúst. apríl þ. á., læt jeg eigi hjá líða að senda yður, herra landshöfðingi, meðfylgjandi eptirit af brjefi frá frakknesku stjórninni, sem utanríkisráðgjafinn hefir hingað sent, og sjest það af brjefi þessu, að sjómálastjórunum í Cherbourg og Brest hefur verið fyrirlagt, að brýna fyrir skipshöfnum á frakkneskum fiskiskipum, er stunda fiskiveiðar við Ísland, að þær megi eigi, nema í nauðir reki, ganga á land á Íslandi á afskekktum stöðum¹.

1) Tilefni til brjefs þessa var það, að í apríl 1887 láu nokkur frakknesk fiskiskip fyrir atkerum í norðanátt uppí undir landi í Selvogi. og gengu skipverjar af þeim á land og áttu ýms viðskipti við landsmenn, og af einu skipinu var lík flutt í land og jarðað við Strandarkirkju af prestinum til Selvogspinga. Landshöfðingi kærði þetta brot á sóttvarnarlögnum fyrir ráðgjafanum, en hann skrifaði aptur um það áleiðis til stjórnarinnar í Frakklandi og þannig er til komið brjef hennar, sem nefnt er að ofan í ráðgjafabrjefinu, og sem er svar upp á kæru landshöfðingjans. Það brjef er stílað til sendiherra Danakonungs í Parísarborg, og hljóðar svo í íslenzkri þýðingu:

Herra greifi! Þjer hafð með brjefi, dags. 16. maí síðastliðinn, tjáð mjer, að landstjórn Íslands hafi skýrt stjórn yðar frá því, að nokkrar frakkneskar skipshafnir hafi síðastliðið ár brotið gegn sóttvarnarlögnum á Íslandi, með því að hafa samgöngur við landsmenn þar, á stöðum, þar sem engin höfn er, án þess að sýna áður skipsskjöl sín. Hafð þjer jafnframt vakið athygli mína á því, hvílik hættu gæfi staðið af slíkum leynd-landgöngum fyrir heilbrigðialmennings, og skýrt mjer frá, að danska stjórnin mundi meta það mikils, ef frakkneskum fiskimönnum væri bannað, nema í ýrtrustu nauðsyn, að ganga á land á Íslandi á afskekktum stöðum.

Fyrir því vil jeg virðingarfyllst tjá yður, að sjóliðs- og nýlendnaráðgjafinn, sem jeg hef til-